

# TRYGGINGAEFTIRLITID

SUÐURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. SÍMI 685188 FAX 685253

Alþingi

Erindi nr. Þ 115 / 462


komudagur 24 / 1 1992

Alþingi,  
heilbrigðis- og trygginganefnd, Þórshamri  
c/o Ragna Árnadóttir ritari

Reykjavík 24. janúar 1992

Í framhaldi af bréfi Sigbjörns Gunnarssonar formanns heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 2. desember 1991 fylgir hjálaga umsögn Tryggingaæftirlitsins um frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Virðingarfyllst  
TRYGGINGAEFTIRLITID



Erlendur Lárusson  
forstöðumaður



Rúnar Guðmundsson  
skrifstofustjóri

Alþingi,  
heilbrigðis- og trygginganefnd, Þórshamri

Reykjavík 24. janúar 1992

**UMSÖGN UM FRUMVARP  
TIL LAGA UM VIÐLAGATRYGGINGU ÍSLANDS**  
127. mál 1991, þskj. 133

Tryggingaeftirlitið er sammála ýmsum þeim breytingum sem frumvarpið leggur til að gerðar verði á gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Nauðsynlegt er að fjalla ítarlegar um nokkur veigamikil grundvallaratriði, sem sum hver eru lítt eða ekki til umfjöllunar í frumvarpinu eða greinargerð með því en önnur óbreytt frá gildandi lögum. Verður hér fyrst getið þessara atriða en síðan gerð grein fyrir athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Umfjöllunin tekur ekki einungis mið að fyrirhuguðum breytingum heldur og gildandi lögum nr. 88/1982 um Viðlagatryggingu Íslands.

**1. UM ÁHÆTTU SEM VÁTRYGGT ER GEGN**

Tryggingaeftirlitið er sammála skilgreiningu þeirrar áhættu sem vátryggja ber gegn (4. gr. frv.) og sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð um að eigi þyki rétt nú frekar en áður að lögbjóða fok- eða óveðurstryggingar. Telja verður að hinn almenni vátryggingarmarkaður geti sinnt þeim áhættuflokki svo sem með þarf og að æskilegt sé að nýta takmarkaða sjóði Viðlagatryggingar Íslands til annarra verkefna.

**2. UM VÁTRYGGINGARSKYLDUNA**

i. Samkvæmt gildandi lögum nær vátryggingarskyldan til allra húseigna og lausafjár sem brunatryggt er hjá vátryggingarfélagi og til annarra eignatrygginga þar sem brunatrygging er innifalin. Einnig er skylt að viðlagatryggja tiltekin mannvirki, ræktað land og lóðir enda þótt þau séu ekki brunatryggð. Þá er stofnuninni heimilt að fengnu samþykki ráðherra að taka að sér viðlagatryggingu annarra verðmæta.

Í frumvarpinu er felld niður skylda til að vátryggja raforkuvirki, síma og önnur fjarskiptamannvirki, ræktað land og lóðir, svo og hita-, vatns- og skulpveitur og hafnarmannvirki í einkaeign. Er sú leið farin að telja upp (sbr. 6. gr. frv.) tilteknar fasteignir og lausafé í eigu opinberra aðila og einkaaðila sem stjórn stofnunarinnar er heimilt að vátryggja með samþykki ráðherra. Því til viðbótar er almennt heimildarákvæði þar sem stjórn stofnunarinnar er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin taki að sér að viðlagatryggja aðra muni en þá sem taldir eru upp og skal þá kveða nánar á um það í reglugerð.

Tryggingaeftirlitið hefur miklar efasemdir um þá stefnu í frumvarpinu að fella niður vátryggingarskyldu á tilteknum eignum en heimila að Viðlagatrygging Íslands vátryggi í æ ríkari mæli einstaka áhættuflokka sem frjálst yrði að vátryggja viðlagatryggingu samkvæmt sérstakri upptalningu í lögum.

Þykir miður að ekki skuli í frumvarpinu mörkuð skýr stefna um vátryggingarskylduna og m.a. um eignir: "sem ekki er auðvelt eða hagkvæmt að vátryggja á almennum vátryggingarmarkaði en eru svo mikilvægar að hætt sé við þjóðarvá ef þær skemmast ótryggðar af meiri háttar náttúruhamförum" eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Tryggingaeftirlitið telur það ekki næg rök fyrir því að afnema vátryggingarskyldu á eignum að eigi hafi til tekist um framkvæmdina svo sem til var ætlast. Skyldutrygging á

raforkuvirkjum er t.d. afnumin en heimild veitt til að kaupa viðlagatryggingu. Virðist ekki vera munur á þessum eignum sérstaklega í eigu hins opinbera og t.d. veitumannvirkjum er skylduvatrygging tekur til. Meginástæða þess að lagt er til að vatryggingarskyldan verði afnumin er, samkvæmt umfjöllun í greinargerð um 2. mgr. 5. gr. frv., að eðlilegt þyki að stjórnvöld ákveði á hverjum tíma hvort heppilegra sé að viðlagatryggja slík mannvirki eða að eigandi þeirra beri sjálfur áhættu af tjóni vegna náttúruhamfara og sé það í samræmi við þá meginstefnu ríkissjóðs að kaupa ekki vatryggingar á eignum ríkisins. Einnig sé eðlilegt varðandi mannvirki af þessu tagi í einkaeign að eigandi hafi frelsi í þessu efni.

Tryggingaeftirlitið er ósammála þessum sjónarmiðum og telur að í samræmi við markmið laga sem þessara beri að móta stefnu um það hvaða vatryggingar gegn náttúruhamförum hér á landi skuli lögboðnar og skylt að kaupa vernd fyrir, en ekki að stjórnvöld eða eigendur ákveði á hverjum tíma hvort rétt sé að viðlagatryggja eða ekki. E.t.v. má setja heimildarákvæði fyrir ráðherra, þess efnis, að vatryggja megi eignir annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands, svo sem áhættu sem er það mikil að þungur baggi gæti orðið fyrir stofnunina að bera og rétt væri að vatryggja erlendis.

ii. Að áliti Tryggingaeftirlitsins er sú staðreynd að illa hefur til tekist um innheimtu iðgjalda vegna skyldutryggingar ræktaðs lands, lóða og annarra muna ekki næg röksemd fyrir því að fella niður skyldutryggingu þessara eigna. Ræktað land og lóðir er án efa áhætta sem er erfiðleikum bundið að vatryggja sérstaklega á almennum vatryggingarmarkaði og hefur þörf á vernd á engan hátt breyst frá setningu laganna.

Viðlagatrygging er lögboðin vatrygging og iðgjöld njóta lögtaksréttar samkvæmt gildandi lögum nr. 88/1982. Innheimta iðgjalda er ýmist í höndum Viðlagatryggingar Íslands, vatryggingarfélaganna eða á vegum innheimtumanna ríkissjóðs. Stofnunin hefur því allar heimildir sem þarf til innheimtuaðgerða og sú skylda hlýtur að hvíla á stofnuninni að sjá til þess að iðgjöld séu greidd.

Telja má líkur til þess að bótaskylda sé fyrir hendi við tjón, enda þótt ekki sé lokið innheimtuaðgerðum vegna þess að iðgjöld hafa ekki verið greidd. Á að líta svo á að ræktað lönd og lóðir hafi verið ótryggðar eignir allt frá árinu 1982 vegna þess eins að ekki hefur tekist að finna virkt innheimtukerfi iðgjalda? Sama gildir um hafnarmannvirki og raforkudreifikerfi þar sem innheimtutilkynningar hafa verið sendar en iðgjöld ekki verið greidd.

Þess skal getið að Tryggingaeftirlitið beindi sérstakri fyrirspurn til stjórnar stofnunarinnar í desember 1989 varðandi réttarstöðu tjónþola vegna vanskila iðgjaldsgreiðslna. Óheppilegt væri ef ágreiningur kæmi upp um þetta atriði við tjón. Slíkur ágreiningur myndi stuðla að vantrú landsmanna á því að stofnunin gegni því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum. Viðlagatrygging Íslands starfar ekki á viðskiptalegum grundvelli í sama skilningi og lagður er í það orðasamband í venjulegum atvinnurekstri. Starfsemi stofnunarinnar er viðskiptalegs eðlis rekstrarlega séð, en hún starfar á grundvelli sérstakra laga. Vatryggingarverndin er lögboðin en starfsemin samfélagslegs eðlis því hætt er við þjóðarvá ef tjón verður af meiri háttar náttúruhamförum. Verið er að byggja upp sameiginlegan sjóð landsmanna til að mæta því tjóni. Viðskiptasjónarmið þess efnis að borgirðu ekki iðgjaldið færðu engar bætur á ekki við um vatryggingu sem þessa.

Stjórn stofnunarinnar staðfesti, með bréfi dags. 14. febrúar 1990 til Tryggingaeftirlitsins, þá skoðun að Viðlagatryggingu Íslands sé skylt að greiða bætur vegna tjóns sem verður á ræktaðu landi og lóðum svo og hafnarmannvirkjum og raforkudreifikerfum enda þótt iðgjald sé ógreitt af ástæðum sem ekki má kenna vatryggingartaka um.

iii. Önnur ástæða erfiðleika í framkvæmd laganna er sú að meginstofn skyldutryggðra eigna er bundinn við eignir sem brunatryggðar eru hjá vatryggingarfélagum. Í frumvarpinu er lagt til að vatryggingarskyldan verði áfram bundin við húseignir og lausafé

sem brunatryggt er hjá váttryggingarfélagi svo og aðrar eignir sem brunatryggðar eru og flokkast undir eignatryggingar.

Fram kemur í greinargerð að töluvert hafi verið sóst eftir því að viðlagatryggja eignir af öðru tagi og er vitað um ágreining sem upp hefur komið vegna þess að verðmæti hafa verið brunatryggð sem almennt er ekki venja að brunatryggja. Hefur ágreiningur í þessa veru komið til umfjöllunar hjá neytendapjónustu Tryggingaeftirlitsins.

Engin efnisleg rök, váttryggingalegs eðlis, eru fyrir því að takmarka gildissvið viðlagatryggingar einvörðungu við brunatryggðar eignir. Ljóst er að jafnmikil þörf er fyrir hendi að viðlagatryggja ýmsar aðrar eignir. Rétt þótti í upphafi, þegar vernd af þessu tagi var komið á með lagasetningu 1975 í kjölfar eldgossins í Heimaey, að takmarka verndina við þessar eignir þar eð unnt var með tiltölulega auðveldum hætti að váttryggja allar fasteignir og mikinn hluta lausafjár í eigu almennings gegn náttúruhamförum og eðlilega þótti rétt að takmarka gildissviðið í byrjun. Við endurskoðun laganna 1982 var váttryggingarskyldan færð út til fleiri tegunda áhættu og látin ná til ýmissa mannvirkja í opinberri eigu og ræktaðs lands og lóða þó að þessar eignir séu ekki brunatryggðar.

Tryggingaeftirlitið hefði því talið rétt að íhuga nú að stíga enn eitt skref í átt til aukinnar verndar á þessu sviði með því að láta váttryggingarskylduna ná til alls lausafjár sem váttryggt er í flokki eignatrygginga hjá váttryggingarfélögum. Auk ríkari verndar, hefði það í för með sér að komist yrði hjá þeirri tengingu brunatryggingar við viðlagatryggingu sem nú gildir og gerði framkvæmd laganna mun auðveldari en nú er.

iv. Hvergi er skýrt kveðið á um í lögum nr. 88/1982 að Viðlagatrygging Íslands hafi einkarétt á þeim skylduváttryggingum sem lögin tilgreina eða þeim váttryggingum sem stofnuninni er heimilt að taka að sér. Lögin hafa þó verið túlkuð á þann veg að skylt sé að váttryggja hjá stofnuninni enda mörg ákvæði við það miðuð. Ýmis váttryggingarfélög hér á landi hafa um langt skeið haft á boðstólum náttúruhamfaratryggingar, t.d. jarðskjálftatryggingar, enda unnt að endurtryggja slíka áhættu erlendis.

Sú leið er að nokkru leyti farin í lögum nr. 88/1982, og útfærð enn frekar í einstökum atriðum í frumvarpinu að skilgreina æ fleiri tegundir áhættu sem stofnuninni sé heimilt en ekki skylt að váttryggja og er þá væntanlega heimilt að váttryggja þær annars staðar. Ein af ástæðum þess að Tryggingaeftirlitið telur að eigi beri að fara þá leið er sú, að stofnunin starfar ekki á jafnréttisgrundvelli við váttryggingarfélög á hinum almenna váttryggingarmarkaði. Stofnunin er undanþegin greiðslu allra opinberra gjalda og lagt er til að svo verði áfram, sbr. 22. gr. frv. Aðilar sitja því ekki við sama borð í þessu efni. Þess má geta að reglur EB-ríkja á þessu sviði, sem fyrirhugað er að gildi á evrópsku efnahagssvæði, kveða á um þá skyldu stjórnvalda að sjá til þess að opinberar stofnanir sem komið er á fót á váttryggingarsviði starfi á sömu forsendum og önnur félög á váttryggingarmarkaði.

### 3. REKSTUR, ÁVÖXTUN FJÁR, BÓKHALD

i. Ef ætlunin er - svo sem frv. gerir ráð fyrir - að viðhalda gildandi fyrirkomulagi að utanaðkomandi aðila er fengin ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar að nánast öllu leyti, telur Tryggingaeftirlitið nauðsynlegt að sá aðili kunni skil á váttryggingarstarfsemi eða tengist slíkri sérhæfðri starfsemi. Reynsla Tryggingaeftirlitsins er afar slæm af núgildandi fyrirkomulagi þegar óskað hefur verið upplýsinga eða gagna hvort sem er frá stofnuninni sjálfri eða bókhaldsaðila.

Ekki verður talið að bókhald stofnunarinnar sé flókið eða umfangsmikið og hefði það ekki í för með sér mikinn aukakostnað fyrir stofnunina að hafa það með höndum líkt og aðrir sem atvinnustarfsemi stunda. Ætti bókhald að geta rúmast innan þess kostnaðar-ramma sem stofnunin hefur búið við.

Tryggingaeftirlitið vill því koma þeirri tillögu á framfæri að þessi verkefni verði annaðhvort í höndum stofnunarinnar sjálfar eða að þau verði í höndum aðila sem starfar á

vátryggingarsviði.

ii. Mjög mikilvægt er að leggja ríka áherslu á dreifingu þess fjár sem myndar sjóð Viðlagatryggingar og standa á undir skuldbindingum vegna náttúruhamfara. Yfir 90% eigin fjár Viðlagatryggingar, sem í árslok 1990 nam um 3 milljörðum kr., er ávaxtað í spariskírteinum ríkissjóðs. Við meiri háttar náttúruhamfarir féllu skuldbindingar stofnunarinnar því nánast einvörðungu á ríkissjóð sem er mjög óheppilegt vegna annarra skuldbindinga sem kynnu á hann að falla við slíkar aðstæður. Að mati Tryggingaeftirlitsins er því brýn nauðsyn að huga að áhættudreifingu þess fjár sem ætlað er til þessa verkefnis eigi síður en ávöxtun þess. Er afar óheppilegt að ávaxta sjóð stofnunarinnar í svo ríkum mæli í spariskírteinum ríkissjóðs.

#### 4. IÐGJÖLD OG HEILDARÁHÆTTA STOFNUNARINNAR

Tryggingaeftirlitið er sammála tillögu samkvæmt frv. um að fella niður ábyrgð ríkissjóðs, sbr. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga, sem er í formi endurtryggingar án iðgjalds. Viðlagatrygging Íslands hefur tekið endurtryggingu vegna þessarar áhættu og greitt fyrir.

Einnig er nauðsynlegt að endurskoða reglur um álagningu iðgjalda og þarf í því sambandi að taka tillit til þess að lagt er til að greiðsluskylda stofnunarinnar vegna eins og sama vátryggingaratburðar tvöfaldist í áföngum til 1. janúar 1994. Hins vegar er enginn rökstuðningur eða útreikningur í greinargerð fyrir þeim breytingum á reglum um álagningu iðgjalda sem lagt er til að taki gildi.

Eigið fé Viðlagatryggingar var um 3 milljarðar kr. í árslok 1990 eða um 0,19% af þeim vátryggingarfjárhæðum sem stofnunin gat gefið upplýsingar um í árslok 1990 en heildaráhætta í hlut Viðlagatryggingar vegna eins vátryggingaratburðar nam þá um 4,7 milljörðum (0,3% af vátryggingarfjárhæðum). Eigið fé var því um 64% af heildaráhættu stofnunarinnar vegna eins tjónsatburðar.

Í frv. er lagt til að heildaráhættan hækki í sem svarar 1% af vátryggingarfjárhæðum eða í 15,8 milljarða (miðað við 1990) í áföngum á tveimur árum sem hefur í för með sér aukna þörf á endurtryggingarvernd og kostnað vegna þess. Eigið fé (1990) samsvarar þá aðeins um 19% heildaráhættunnar. Samt er lagt til að iðgjöld verði lækkuð þegar hrein eign hefur náð 0,3% af vátryggingarfjárhæðum eða 4,7 milljörðum kr. sem er um 30% heildaráhættunnar. Tryggingaeftirlitið hefði viljað sjá útreikninga og rökstuðning í greinargerð fyrir því sem lagt er til í frumvarpinu í þessu efni.

Tryggingaeftirlitið hefur áður látið í ljós efasemdir um að iðgjöld til Viðlagatryggingar Íslands skuli lækkuð meðan bolmagn stofnunarinnar er ekki meira en raun ber vitni til að mæta stóráföllum í landinu vegna náttúruhamfara. Bent hefur verið á að enn sé langt að því marki að eigið fé Viðlagatryggingar Íslands nægi til að bæta tjón af þeirri stærðargráðu sem varð á Heimaey 1973.

#### 5. HAMFARANEFND, UPPGJÖRSNEFND

Í frv. eru felld niður sérákvæði um hamfanefnd og uppgjörnefnd, en gert ráð fyrir að farið verði eftir almennum réttarfarsreglum svo sem gert er í öðrum greinum vátrygginga. Fram kemur í greinargerðinni að rök hafi ekki verið færð fyrir því að mál út af kröfum til viðlagatryggingarbóta skuli sæta sérstakri meðferð og að ákvæðin um hamfanefnd og uppgjörnefnd séu að ýmsu leyti óhentug í framkvæmd.

Fram kemur að hamfanefnd hafi aðeins þrisvar sinnum úrskurðað um mál en uppgjörnefnd aldrei. Tryggingaeftirlitinu er kunnugt um afgreiðslu eins þessara mála og með tilliti til hagsmuna tjónþola/vátryggðs verður að telja til bóta að slík ákvæði séu í lögum um svo sérstaka tegund vátrygginga sem náttúruhamfaratryggingar eru enda eru þau vátryggðum/tjónþola til stuðnings og veita stjórn stofnunarinnar aðhald. Á það

skortir einmitt almennt hér á landi að unnt sé að skjóta til úrskurðaraðila, annarra en dómsstóla, álitamála sem upp kunna að koma í váttryggingum. Tryggingaeftirlitið er því þeirrar skoðunar að ekki eigi að fella niður ákvæði af þessu tagi en telur að einfalda megi núverandi skipulag með því að sameina umræddar nefndir í eina.

## 6. EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS

1. gr. 1. mgr., tilvísun.

i. Jafnan þarf að gæta að lagatexta í heild sinni þegar hugað er að gildissviði laga. Að áliti Tryggingaeftirlitsins ber að vísa til 4. gr. sömu laga þar sem upptalningu er að finna á þeim náttúruhamförum er viðlagatrygging tekur til. Orðalag greinarinnar yrði þá eftirfarandi:

*"Hlutverk stofnunarinnar Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara."*

Tilgangur þessa er að undirstrika þegar í upphafi laganna að einungis tiltekna náttúruhamfarir falla undir viðlagatryggingu, ekki t.d. tjón af völdum foks/óveðurs.

ii. Samkvæmt 2. mgr. er heimili stofnunarinnar í Reykjavík. Spyrja má hvort ekki sé óþarft að geta þessa sérstaklega í lögum.

3. gr. Lagt er til að 2. málsl. 1. mgr. orðist þannig:

*"Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárens og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma."*

Vísað er til umfjöllunar í 3. lið hér á undan.

5. gr. Sbr. 2. lið hér á undan um váttryggingarskylduna.

6. gr. Hér er að finna heimildir fyrir stjórn stofnunarinnar til þess að ákveða með samþykki ráðherra að stofnunin taki að sér að viðlagatryggja aðrar eignir en þær sem lögmaelt er að váttryggja. Hér á eftir er vikið að efni 6. gr., en vísað er til almennrar umfjöllunar í 2. lið hér á undan.

i. Samkvæmt 8. tl. 1. mgr. er heimilt að váttryggja, eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva, þó eigi flotkvíar, fisk í þeim eða muni í eða við sjávar- eða vatnsborð. Ekki kemur fram í greinargerð hvers vegna þörf er talin á þessari sundurgreiningu á búnaði fiskeldisstöðva. Miðað við fyrirkomulag frumvarps þessa verður ekki séð hvers vegna bann er lagt við því að viðlagatryggja þessi verðmæti.

ii. Greinargerð lætur þessa getið: "Í 1. mgr. eru taldir nokkrir flokkar muna, sem heimilt er að váttryggja með viðlagatryggingu, sjá 1. mgr. Þessir munir eiga það sameiginlegt, að margir eigendur þeirra hafa mjög leitað eftir viðlagatryggingu á þeim, en ekki fengið." Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. gildandi laga um viðlagatryggingu nr. 88/1982 er heimild fyrir stjórn Viðlagatryggingar Íslands að fengnu samþykki ráðherra að váttryggja önnur verðmæti en þau sem falla undir skylduváttryggingu. Ekki koma fram í greinargerð frumvarpsins ástæður fyrir þessari afgreiðslu stofnunarinnar en fróðlegt hefði verið að fá á því skýringu hvers vegna eigendur slíkra muna hafa ekki fengið viðlagatryggingu.

7. gr. Vísað er til umfjöllunar um váttryggingarskylduna undir 2. lið hér að framan. Vandamál af því tagi sem þessi gr. fjallar um væru ekki fyrir hendi ef viðlagatrygging tæki til allra eigna í flokki eignatrygginga en ekki eingöngu til eigna þar sem brunatrygging hjá váttryggingarfélagi er innifalin.

Tryggingaeftirlitið hefur ákveðnar efasemdir um ágæti réttaráhrifa vanrækslu váttrygg-

ingarfélagsins í þessu sambandi, því að hinn brunatryggði hlutur telst ekki viðlagatryggður ef ekki er farið að samkvæmt fyrirmælum 7. gr.

Tilgangur 7. gr. er samkvæmt greinargerðinni að koma í veg fyrir misnotkun á viðlagatryggingu. Að álit Tryggingaeftirlitsins eru afleiðingar nefndrar 7. gr. óþarflega strangar í garð grandlauss váttryggingartaka/tjónþola. E.t.v. hefur starfsmaður váttryggingarfélags gert mistök og innheimt iðgjald vegna viðlagatryggingar, þ.á.m. brunatryggingar, í einhvern tíma áður en til tjóns kemur. Vitaskuld þarf að reyna að sporna við misnotkun en efast má um ágæti þessara réttaráhrifa, þ.e. að viðlagatrygging eigi ekki að bæta tjón af völdum náttúruhamfara í slíku tilfalli, þegar fyrir liggur að um vanrækslu váttryggingarfélags er að ræða.

Heimildir stofnunarinnar til að hafna bótaábyrgð með vísan til 8. gr. frumvarpsins (varðandi mannvirki sem reist eru gegn banni yfirvalda eða settum rétti), eða 16. gr. frumvarpsins (heimild til að lækka eða synja bótakröfu), eiga að vera nægjanlegar fyrir stofnunina.

11. gr. Sbr. umfjöllun í 4. lið hér á undan.

12. gr. Mjög eru til bóta þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 9. gr. núgildandi laga til einföldunar og samræmis við ákvæði laga um váttryggingarsamninga enda gildandi reglur um brottfall bótaréttar, ef tjón er eigi tilkynnt þegar í stað, andstæðar meginreglum váttryggingaréttar.

14. gr. Tryggingaeftirlitið er sammála nauðsyn þess að setja skýrari reglur um bótaskyldu vegna muna sem verða fyrir tjóni á öðrum stað en tilgreindur er þegar váttrygging er tekin og telur rétt að vísa til gildi laga um váttryggingarsamninga í því sambandi. Eftirlitið vill þó benda á sérstök tilvik sem geta komið upp og eðlilegt verður að telja að bæta - en bótaskyldu hefur verið hafnað - svo sem þegar váttryggðir hafa verið munir sem beinlínis eru ætlaðir til nota annars staðar en á heimili eða vinnustað. Sem dæmi má nefna skíðaútbúnað og í því sambandi tjón vegna snjóflóða.

18. gr. Sbr. 4. lið umfjöllunar hér á undan.

19. gr. Sbr. umfjöllun í 5. lið.

22. gr. Sbr. umfjöllun í 2. lið iv.

27. gr. Endurskoða þarf gildistökuákvæði laganna.

Undirritaðir eru reiðubúnir til að veita fyllri upplýsingar um framanritað ef óskað er.

  
Erlendur Lárusson forstöðumaður

Virðingarfyllst  
TRYGGINGAEFTIRLITIÐ

  
Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri